



Stjórnarfundur Foreldrafélags Akurskóla  
Haldinn 16. nóvember 2011 á sal Akurskóla

Mættir: Erla, Guðmunda, Guðmundur, Katrín, Jóna og Halldóra. Gestur: Ína Hrund Ísdal.

1. Ég og þú. Farið yfir hvernig tókst til nú í haust og hvað má betur fara.
2. Ína Hrund ræddi hugmyndir sínar um a) stofnun stuðningshóps foreldra barna með greiningar b) að koma á fót námsveri ætlað foreldrum og börnum skólans til stuðnings við heimanám.  
Ákveðið að hafa janúarfund FFA tengdan þessari umræðu. Fá einhvern sem starfar að málefnum barna með greiningar til að halda fræðsluerindi auk Ínu Hrundar sem myndi segja frá sinni reynslu sem foreldri barns með ADHD. Guðmunda og Katrín ætla að vinna að því.
3. Skólapeysur. Katrín hefur kallað eftir upplýsingum frá bekkjarfulltrúum 10. bekkjar en ekki fengið, svo óvíst er hvort eða hvenær peysusala fer af stað. Frést hefur að útliti peysanna verði ekki breytt en það er ekki staðfest.
4. FFGÍR fundur í nóvember. Sjá fundargerð.
5. Skólaráðsfundir. Á síðasta fundi voru aðalmálin strætósamgöngur (og er enn til umfjöllunar) og vinna við 7. fræ Akurskóla sem lítur að samstarfi heimila og skóla. Falast er eftir þátttöku foreldra við þá vinnu. Fyrirhugað er að kalla foreldra á „kaffistofu“fund í febrúar og fá Gylfa Jón fræðslustjóra til að halda erindi um samstarf heimila og skóla í tengslum við þá vinnu. Næsti fundur verður 28. nóvember. Afstaða FFA til samlokusölu hjá elstu árgöngum skólans er jákvæð að því gefnu að hollar og vandaðar samlokur verði fyrir valinu ásamt ávöxtum.
6. Skólaferðir nemenda. Jóna Guðrún hefur fengið yfirlit yfir ferðir nemenda m.v. síðasta ár á vegum skólans og kynnti. Tekin verður afstaða til styrkja vegna einstakra ferða útfrá þessu yfirliti.
7. Skólamat. Ákveðið að bíða með að fá fulltrúa frá Skólamat á fund þar til í apríl, með fyrirvara að annað verði ekki á dagskrá.
8. Kornid. Efni fyrir næsta blað þarf að vera tilbúið 1. desember. Ritnefnd annast það.
9. Fjárhagsstaða FFA er góð. Ákveðið að kaupa og selja buff í fjáröflunarskyni. Guðmundur gengur í málið.

Fundi slitið.

Fundarritari: Guðmunda Hergeirsdóttir